

## LÓFAKREPPA

**Lófakreppa** (enska: *Dupuytren's contracture*) er ættgengur sjúkdómur. Fyrrum var talið, að hann tengdist reykingum eða drykkju en lítið er lagt upp úr því nú. Líklega er hann hvergi eins algengur og á Íslandi. Hann birtist oftast á miðjum aldri og frekar í karlmönnum en konum. Stundum ber fyrst á honum eftir áverka, t.d. handarbrot eða handaraðgerð, en þá er talið, að sjúkdómurinn sé eingöngu að birtast fyrr en hann ella hefði gert. Sjúkdómurinn er framsækinn, þ.e. hann getur eingöngu versnað og batnar aldrei af sjálfu sér.

**Einkennin** eru upphaflega þau, að þreifanlegir hnútar myndast í lófa eða fingrum. Hnúðarnir eru stundum aumir í upphafi en eymslin dvína oftast þó hnúðarnir og kreppan aukist. Smám saman renna þeir saman í strengi, sem herpast. Við það kreppast fingurnir. Oftast líða ár frá upphafi einkenna þangað til kreppan verður mikil.

**Rannsóknir** hjálpa ekki til við greiningu á sjúkdómnum sjálfum. Stundum eru rannsóknir fengnar til að skoða ástand liða eða annars.

Sjúkdómurinn sjálfur er ólæknandi. Hins vegar má taka á einkennum hans, einkum kreppu fingranna, með ýmsum hætti. Takmark **meðferðar** er þannig að rétta fingurna. Engin meðferð á við fyrr en bera fer á kreppu. Sökum þess að sjúkdómurinn er framsækinn, gildir það hins vegar um alla meðferð, að kreppan getur komið á ný í sama fingur, auk þess sem sjúkdómurinn getur vitanlega sótt áfram á aðra fingur, sem enga meðferð hafa hlotið.

Ein tegund meðferðar er einfaldlega að skera á strenginn, annað hvort með nál eða hnífi. Önnur gerð meðferðar er skurðaðgerð. Með henni fæst, auk réttingar á fingrinum, brottnám á öllum sýnilegum sjúkdómsvef úr fingrinum og þar með líklega lengra sjúkdómshlé. Eftir meðferðirnar eru spelkur stundum notaðar að nóttu. Sjúkraþjálfunar getur verið þörf. Áður var við vissar aðstæður hægt að sprauta lyfi (Xiapex®) í strenginn. Eftir að lyfið hafði fengið að vinna staðbundið á strengnum í einhverja sólarhringa kom sjúklingurinn til læknisins, sem rétti úr fingrinum með afli í staðdeygingu. Lyfjaframleiðandinn tók lyfið af markaði í Evrópu í lok árs 2019.

**Fjarvistir frá vinnu** eftir meðferð eru háðar starfi og afstöðu sjúklings. Sé hægt að vinna án handarinnar snúa sumir til vinnu daginn eftir aðgerð. Fólk í líkamlega erfiðum störfum eins og smíðum eða ummönnun er eftir skurðaðgerð flest frá vinnu í margar vikur og einstaka í einhverja mánuði.